

## 5. Sjálfræði

### 5.a. Sjálfræði í námi

Í þessum kafla er rætt um nokkra þætti sem tengjast viðhorfi aðstoðarfólks sem stuðlar að því að það geti tekið hlutverk milliliðsins og stuðningsaðilans.

Það að efla sjálfræði notenda í daglegu lífi er lykilatriði í því að gera *hugmyndafræðina um sjálfstætt líf* að veruleika fyrir fólk með þroskahömlun sem þarf mikinn stuðning. Það er mikilvægt fyrir alla fullorðna námsmenn að vera „sjálfstýrandi“ í námi sínu, að geta komið sinni skoðun á framfæri og finna að það sé tekið mark á manni.

Í rannsókninni kom fram að aðstoðarfólk lítur sjálfræði notenda í námi mjög ólíkum augum. Sumum fannst mikilvægt að notandi fengi sjálfur að ráða sem mestu í námi sínu á meðan aðrir lögðu áherslu á að notandi gerði það sem átti að gera í kennslustundum eftir fyrirfram ákveðinni dagskrá. Slík dagskrá er oft notuð sem rammi og stuðningstæki í námi fólks með þroskahömlun sem þarf mikinn stuðning en mikilvægt er að bæði kennari og aðstoðarfólk sé meðvitað um að dagskráin getur breyst og að notandi fái tækifæri til að hafa áhrif þar á.

Það er mikilvægt að aðstoðarfólk vinni með eigið viðhorf gagnvart sjálfræði notenda í námi. Það getur verið gagnlegt að rifja upp það sem rætt var í kafla 4: að hugsa um alla hegðun sem tjáningu. Ef notandi fer ekki eftir fyrirfram ákveðinni dagskrá þá er hann mjög líklega að reyna að segja okkur eitthvað með því og þá verðum við að reyna að finna skýringu og bregðast við samkvæmt henni.

Verkefni: Vinnið saman í litlum hópum og hugsið um einn notanda sem allir í hópnum þekkja vel. Ímyndið ykkur að þið séuð stödd í kennslustund með notanda þar sem kennarinn hefur sett upp dagskrá fyrir tímann. Notandi fer ekki eftir dagskránni eða gerir ekki það sem „á að gera“. Reynið að svara eftirfarandi spurningum:

- Hver getur verið skýringin á því að notandi fer ekki eftir dagskránni? Reynið að finna eins margar mögulegar skýringar og þið getið.
- Eftir því hvaða skýring þykir líklegust, hvernig á aðstoðarmaðurinn að bregðast við?
  - Á hann að aðstoða notanda við að fara eftir dagskránni? Hvernig væri hægt að gera það?
  - Eða á hann að aðstoða notanda við að fá að breyta dagskránni? Hvernig mætti gera það?
- Hvað græðir notandi á því að geta haft áhrif á dagskrána?
- Dettur ykkur fleira í hug sem notandi getur haft áhrif á í námi sínu eða í lífinu almennt?